

REGLUGERÐ**um nám í sjúkraiðju barna.****1. gr.**

Sjúkraiðjudeild Barnaspítala Hringingsins er heimilt að halda uppi kennslu í sjúkraiðju barna samkvæmt námsskrá, er yfirlæknir Barnaspítalans setur.

2. gr.

Námstími í sjúkraiðju barna skal vera 1 ár. Inntökuskilyrði er próf frá fósturskóla.

3. gr.

Nemandi, sem lýkur námi í sjúkraiðju barna á fullnægjandi hátt að dómi forstöðukonu sjúkraiðjudeildar og yfirlæknis Barnaspítala Hringingsins, fær um það vottorð, undirritað af þessum aðilum og hefur hann þá öðlast réttindi til að starfa sjálfstætt við barnaspítala (deildir) hér á landi að sjúkraiðju.

4. gr.

Námið er verklegt. Námsgreinar skulu vera þessar:

1. Föndur, mótun leirmuna, pappírsvinna, saumur, vefnaður, bast- og tágavinna.
2. Leikfangagerð og leikfangaval.
3. Teiknun og meðferð lita.
4. Söngur, þ. e. að syngja með börnunum og kenna þeim lög og ljóð.
5. Leiðbeiningar um bókaval barna og æfing í að segja börnum sögur.
6. Leikir barna, er hæfa hverju aldursskeiði.

5. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna gerir námssamning við nema og skal þar kveðið á um launakjör, starfstíma, námstillhögun, sumarleyfi og veikindafrí.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 42/1965 öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.****1. gr.**

Vátryggingarfélag, sem hlýtur viðurkenningu til að hafa með höndum vátryggingar ökutækja samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, skal afhenda dómsmálaráðuneytinu tryggingu að fjárhæð kr. 2 000 000.00 í reiðu fé, með ábyrgð banka, í íslenskum ríkisskuldabréfum eða öðrum innlendum skuldabréfum, sem gild verða tekin, eftir gangverði, sem ráðuneytið ákveður.

Um tryggingarfé þetta gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 88 25. október 1929.